

## **Greinargerð með tillögum um breytingar á lögum Landssambands eldri borgara**

Á fundi sínum 13. desember 2019 skipaði stjórn LEB nefnd til þess að endurskoða lög landssambandsins. Í nefndina voru skipuð: Guðmundur Guðmundsson, Selfossi, formaður, Drífa Sigfúsdóttir, Reykjanesbæ, og Finnur Birgisson, Reykjavík. Nefndin hélt fjóra fundi.

Nefndin fékk tilmæli frá stjórn um að yfirfara öll lögini og skoða sérstaklega:

- a) ákvæði um tímafresti í lögnum,
- b) ákvæði um aðild að LEB og þá einkum mögulega aukaaðild,
- c) ákvæði um árgjald til LEB,
- d) ákvæði um landsfund.

### **Tímafrestit.**

Nefndin fór yfir öll ákvæði um tímafresti í lögnum en taldi ekki tilefni til breytinga nú nema í einu tilviki, í grein 6.3. um frágang fundargerðar landsfundar, þar sem lagt er til að lengja frestinn úr viku í mánuð.

### **Aðild – aukaaðild.**

Nefndin leggur ekki til breytingar á 3. grein um aðild en telur að meiri umræða um hugsanlega aukaaðild þurfi fyrst að fara fram í aðildarfélögnum og á vettvangi LEB.

### **Árgjald.**

Nefndinni var falið að skoða hvernig mæta skuli mismunandi reglum aðildarfélaganna um innheimtu félagsgjalda, en sum þeirra innheimta ekki félagsgjöld af elstu félagsmönnum sínum og telja sig ekki þurfa að greiða af þeim til LEB. Nefndin leggur til að í 11. grein komi ný grein sem verði gr. 11.1. svofelld: *Aðildarfélög LEB skulu greiða árgjald til sambandsins af öllum félagsmönnum sínum á aldrinum 60 – 90 ára m.v. síðustu áramót. Landsfundur ákveður upphæð árgjalds.*

Nefndin telur einnig sterk rök fyrir því að í gr. 11.1 og gr. 5.2 verði miðað við félagsmenn 60 ára og eldri enda sé þá LEB ekki að mismuna félagsmönnum að þessu leyti. Eftir frekari viðræður við stjórn LEB ákvað meirihluti nefndarinnar þó að koma nokkuð til móts við mismunandi reglur aðildarfélaganna um innheimtu félagsgjalda með því að miða árgjöld til LEB við félagsmenn 60 – 90 ára í gr. 11.1 og gr. 5.2.

### **Landsfundur.**

Laganefnd leggur til að sett verði inn í lögini ákvæði (gr. 4.6) um að stjórn skipi uppstillingarnefnd minnst tveimur mánuðum fyrir landsfund sem geri tillögur um fulltrúa í stjórn, varastjórn og skoðunarmenn sem kjósa skal til á landsfundinum. Jafnframt falli úr lögnum ákvæði sem er nú í gr. 4.5 um að framboð til stjórnarkjörs skuli berast stjórn LEB a.m.k. hálfum mánuði fyrir fundinn. Þeir sem hafa hug á að bjóða sig fram í stjórn geta að sjálfsögðu komið því á framfæri við uppstillingarnefnd eða boðið sig fram á landsfundinum. Nefndin telur það ekki samræmi að lögini krefjist þess að framboð til stjórnarkjörs skuli berast hálfum mánuði fyrir landsfund en samt hægt að bjóða sig fram á fundinum.

Einnig er lagt til að stjórn skipi kjörbréfanefnd minnst einum mánuði fyrir landsfund (gr. 4.7.) sem skuli yfirfara kjörbréf og greina frá niðurstöðum á landsfundi. Aðildarfélögum ætti þá að gefast kostur á því að lagfæra hugsanlega annmarka á kjörbréfi sínu.

Gr. 5.2. Nefndin ræddi kosti og galla þess að fámenn félög með einungis einn landsfundarfulltrúa skv. núgildandi lögum skuli fá tvo fulltrúa, en þar sem stutt er síðan núverandi ákvæði um val fulltrúa var sett inn í lögina gerir nefndin ekki tillögu um breytingar að þessu sinni.

Nefndin leggur til nokkrar breytingar á dagskrá landsfundar (gr. 6.1.). Bæði skýrari heiti dagskrárliða og rökréttari röð þeirra sem ætti að draga úr misskilningi og greiða fyrir fundarstörfum. Lagt er til að lengja frest til að ganga frá fundargerð landsfundar úr einni viku í einn mánuð (gr. 6.3.).

### **Skýringar við aðrar greinar.**

2.4. Nefndin leggur hér til breytt orðalag sem hún telur skýrara og ekki einungis bundið við landsfund.

3.4. Þarfnast ekki skýringa.

5. gr. Nefndin leggur til breytta röð undirgreina sem hún telur rökréttari. Einnig er lagt til nákvæmara orðalag í gr. 5.2. samanber gr. 11.1. Lagt er til að varamenn stjórnar eigi einnig seturétt á landsfundi (gr. 5.5.). Nefndin leggur til að fella út „fullgilda félag“ (gr. 5.6.) en vísa í þess stað í gr. 11.1.

7.4. Nákvæmara orðalag, þarfnast ekki frekari skýringa.

7.9. Nefndin telur rétt að taka af allan vafa um að stjórnarmaður geti setið fjögur ár samfellt í stjórn þó hann hafi áður setið sem varmaður á sama hátt og formaður getur setið í fjögur ár sem formaður þó hann hafi áður setið sem kjörinn aðalmaður í stjórn.

9.1. Felld er út tilvísun í formannaráð sem er ekki lengur til skv. lögum LEB

10. gr. Breytt röðun undirliða. Í gr. 10.1 er orðalagsbreyting en ekki efnisbreyting.

10.2. Í nefndinni kom fram það sjónarmið að óeðlilegt væri að einungis 8% landsfundarfulltrúa geti óskað eftir því að atkvæðavægi aðildarfélaga fari eftir félagafjölda hvers félags og ráði úrslitum í málum sem varða verulegar fjárhagslegar skuldbindingar eða stefnumarkandi ákvarðanir. En þar sem stutt er síðan þetta ákvæði var sett inn í lögina var fallist á að nefndin geri ekki tillögu um breytingar að þessu sinni.

11. gr. Nýr liður, 11.1. Röðun annarra undirliða breytist í samræmi við það.

Annað: Bráðabirgðaákvæði fellt út, þarfnast ekki skýringa.

Laganefnd skilar hér með til stjórnar LEB tillögum sínum um breytingar á lögum landssambandsins.

22. febrúar 2020

F.h. laganefndar

---

Guðmundur Guðmundsson  
formaður